

ÞÝSK 1CC05 (A2) * Undanfari ÞÝSK 1BB05

Lýsing:

Áfram er unnið með lesskilning, tal, hlustun og ritun, sem og ýmis þemu tengd þýskumælandi löndum. Nemendur auka enn við orðaforða sinn. Ný og eldri málfræðiatríði eru þjálfuð.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

þeim orðaforða sem tengist efni áfangans
góðum framburði, áherslum og hljómfalli tungumálsins
flóknari málfræðiatríðum en í fyrri áföngum
menningu þýskumælandi landa

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

skilja talað mál, t.d. um almenn efni sem hann kannast við, sem og fyrirmæli kennara í kennslustofu
taka þátt í samræðum og tjá skoðun sína um hversdagsleg málefni og bjarga sér í ýmsum aðstæðum daglegs lífs, geta spurt og svarað spurningum
Skilja lykilatriði í textum, smásögum og blaðagreinum með meiri orðaforða en áður
Skrifa stuttan texta, eins og t.d. útdrátt úr bók, stutta umsögn um kvikmynd eða texta um mynd(ir)
Nýta sér þá málfræði sem þjálfuð hefur verið
Vinna sjálfstætt eða í hóp

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Greina í auknum mæli upplýsingar úr textum eða því sem hann heyrir
Tjá sig um flóknari hluti en áður
Lesa í aðstæður og haga orðum sínum eftir því sem við á
Koma frá sér flóknari textum en áður og um fjölbreyttari málefni

Námsmat

Annareinkunn gildir 60% á móti lokaprófi sem gildir 40%. Inn í annareinkunn reiknast ýmis verkefni, hlutapróf, munnleg próf og hlustunarpróf sem tekin eru jafnt yfir önnina.

*<https://europass.cedefop.europa.eu/is/resources/european-language-levels-cefr>